

Reykjavík, 7. mars 2002

2002020108

22.0

SH/ejb

Alþingi við Austurvöll
Hildur Njarðvík
nefndaritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Varðandi frumvarp til umferðarlaga, 140 mál hægri beygja á rauðu ljósi.

Vísað er til bréfs yðar dags. 22. febrúar 2002 þar sem óskað er umsagnar um þetta frumvarp. Meðfylgjandi er umsögn undirritaðs unnin af Verkfræðistofu Umhverfis- og tæknisviðs. Athygli er vakin á að Samgöngunefnd Reykjavíkurborgar hefur ekki fjallað um umsögnina.



Stefán Hermannsson,
borgarverkfræðingur.

Afrit:
Samgöngunefnd Reykjavíkurborgar



Reykjavík 04.02.2002

Varðar frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 50 30. mars 1987. 140. mál, hægri beygja á rauðu ljósi.

Flest gatnamót með umferðarljósum í Reykjavík eru með hægribeygjum í framhjálaupi. Þörf fyrir að leyfa hægribeygju á rauðu ljósi er því takmörkuð.

Í mörgum tilvikum þar sem hægribeygju er stýrt með umferðarljósum, háttar þannig til, að umferð sem fer beint áfram eða beygir til hægri er á sömu akrein. Það gerir það að verkum að umferð beint áfram, sem undatekningalítið er stærsti umferðarstrumurinn, kemur í veg fyrir að hægt sé að beygja til hægri, eins og tillagan gerir ráð fyrir.

Vegna þeirrar almennu hefðar hér á landi að setja framhjálaup fyrir hægri beygjur, má segja að hægribeygja á umferðarljósum sé undantekning. Þ.e. í þeim tilvikum þar sem talinn er sérstök þörf á því úrræði, af umferðarskipulagslegum, umferðartæknilegum eða umferðaröryggislegum ástæðum.

Erlendar rannsóknir sýna að þar sem leyfð er hægri beygja á rauðu ljósi, kemur það niður á umferðaröryggi, bæði beint og óbeint.

Það að leyfa umferð í hægribeygju á rauðu ljósi skapar aukna hættu í viðkomandi gatnamótum. Hægt er að benda á gatnamót í Reykjavík með hægribeygju í framhjálaupi þar sem komið hefur til tals að setja umferðarljós, vegna umferðaröryggis.

Ef leyfð er hægribeygja á rauðu ljósi, er hætta á að það dragi almennt úr virðingu manna fyrir umferðarljósum.

Af framansögðu er ekki hægt að mæla með umræddri breytingu á umferðarlögum.

Stefán Agnar Finnsson
Yfirverkfr. umferðarskipulag.